

Blað nr. 237

THE Lion

ÍSLENSK ÚTGÁFA
www.lions.is



We Serve

September / október 2006



„Lionsfélagar munið sjónverndarátakið Sight First II“



Sept. / okt. 2006 Blað nr. 237
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumdæmi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.



Útgefandi THE LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109
Tímaritið the Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20,
105 Reykjavík er opin frá kl. 10.00 til 15.00

Sími: 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is
Skrifstofustjóri: Sigríður Þorvaldsdóttir Kvaran

FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109
Starfsárið 2006 – 2007

Fjölumdæmisstjóri:
Guðmundur Rafnar Valtýsson,
Lkl. Laugardals
Umdæmisstjóri 109A:
Björgúlfur Þorsteinsson,
Lkl. Hafnarfjarðar
Umdæmisstjóri 109B:
Jón Gröndal, Lkl. Nirði
Fjölumdæmisgjaldkeri:
Halldór Kristjánsson,
Lkl. Ásbirni
Fjölumdæmisritari:
Örn Gunnarsson,

Lkl. Ásbirni
Alþjóðasamskipastjóri fv.
alþjóðastjórnarmaður:
Jón Bjarni Þorsteinsson
Lkl. Mosfellsbæjar
Fræðslustjóri:
Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold
Félaganefndar-/félagastjóri:
Daníel G Björnsson, Lkl. Munin
Útbreiðslustjóri:
Pálmi Hannesson, Lkl. Garði
Kynningarstjóri:
Ólafur Árni Halldórsson,
Lkl. Hafnarfjarðar
Unglingaskiptastjóri:
Kristjana E Guðlaugsdóttir,
Lkl. Æsu
LCIF stjóri/Ff.fjölumdæmisstjóri:
Geir Hauksson,
Lkl. Hafnarfjarðar
Lions Quest stjóri:
Pórunn Gestsdóttir, Lkl. Eir
Medic Alert stjóri:
Magnús B Einarsson
Lkl Mosfellsbæjar
Menningarstjóri:
Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu
Sjónverndar og heilbrigðisstjóri:
Björn Guðmundsson, Lkl. Víðarri
Umhverfisstjóri:
Sigrún Steinsdóttir, Lkl. Eir
Minja og skjalavörður:

Magnús Steingrímsson
NSR AU nefndarmaður:
Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn
Prótokolls og þingstjóri:
Hörður Sigurjónsson, Lkl. Nirði
Verkefnasjóðsstjóri:
Guðmundur Finnbogason,
Lkl. Skagastrandar
Fv.alþjóðastjórnarmaður:
Björn Guðmundsson.
Lkl. Kópavogs
Verkefnastjóri „SightFirst II:
Kristinn Hannesson,
Lkl. Mosfellsbæjar
Varaumdæmisstjóri 109A:
Halldór Ingvason,
Lkl. Grindavíkur
Varaumdæmisstjóri 109B:

**Framkvæmdastjórn Lions-
hreyfingarinnar 2006 – 2007:**
International President Jimmy
Ross
Immediate Past President Ashok
Mehta
First Vice President Mahendra
Jayanthipal Chandima
Amarasuriya
Second Vice President Albert F
Brandel

Styðjum við Verkefnasjóðinn – Okkar hagur



Munum eftir Verkefnasjóði Lionsfjölumdæmis 109. Honum er ætlað að styrkja ýmsa málaflokka sem Lionshreyfingin vinnur. Mað samkvæmt reglugerð sjóðsins. Heimilt er að merkja framlög einstökum málaflokkum t.d. MedicAlert og Sjónvernd.

Reglugerð sjóðsins:

- Sjóðurinn heitir Verkefnasjóður Lionsfjölumdæmis 109.
- Sjóðurinn skal ávaxtaður með bestu kjörum eins og þau eru á hverjum tíma.
- Markmið sjóðsins er að halda utan um fjármagn til fastra innlendra og alþjóðlegra verkefna Lionsfjölumdæmis 109. Halda skal framlögum vegna verkefna í grein 4 aðgreindum.
- Umsjónaraðilar með fjármunum sjóðsins eru fjölum-dæmisstjórn, gjaldkeri fjölumdæmis, og þeir embættismenn fjölumdæmis sem settir hafa verið yfir viðkomandi málaflokk. Gjaldkeri fjölumdæmisins er í forsvari fyrir umsjónaraðila. Við ákvarðanir um úthlutun úr sjóðnum til verkefna skulu embættismenn Lionshreyfingarinnar gera tillögur til þeirra varðandi:
 - Unglingaskipti
 - Alþjóðasamskipti
 - Menningarmál
 - Lions Quest
 - Aðra málaflokka sem felldir verða undir sjóðinn, með samþykki fjölumdæmisþings.
- Umsjónaraðilar sjóðsins skulu vinna samkvæmt samþykktum fjölumdæmisþings. Þeir fjalla um allar tillögur og beiðnir sem sjóðnum berast og afgreiða þær án óþarfa tafa. Einfaldur meirihluti umsjónaraðila ræður hvort af styrkveitingu verður.
- Í sjóðinn rennur sá hluti umdæmisgjalda sem ætlaður er vegna málaflokka sem upp eru taldir í 4 gr.
- Viðbótar fjár til sjóðsins skal aflað með frjálsum framlögum frá Lions- eða Lionessklúbbum og með öðrum tiltækum ráðum. Heimilt er að merkja slík framlög einstökum málaflokkum.
- Reglum þessum verður aðeins breytt eða sjóðurinn lagður niður með samþykki einfalds meirihluta á Fjölumdæmisþingi.

Fjölgun félaga – ykkar mál



Ég við getum öll orðið sammála um að vöxtur og velferð klúbba skiptir sköpum framtíð Lionshreyfingarinnar. En hvernig komum við fjölgun við. Hvernig getum við tryggt að það verði stöðugur stígandi í félagafjölda ár eftir ár?

Félagafjölgun kemur **ekki** að ofan frá. Hún verður að eiga upptök sín í klubbunum sjálfum. Með því að hver klúbbur ákveður sjálfur hvað hann þarf marga félaga til að rækta þjónustu klúbbsins við samfélagið. Það

byrjar einfaldlega á því að klúbbur setur sér markmið og athugar hvernig best megi ná þeim til að hámarka árangurinn. Þetta er alveg ný hugsun. Ekki ný boð að ofan heldur frumkvæði klúbba um hvað þurfi til að svara þörfum samfélagsins eða sveitarfélagsins.

Lionsklúbbar verða að finna sér þjónustuverkefni sem eru það gefandi og áhugaverð að fleira fólk úr samfélaginu vilji koma og vera með til að leggja lið. Ég get lofað ykkur því að ef þið hafið þjónustuverkefni sem eru spennandi og þörf í sveitarfélaginu og sýnið að það er gaman hjá Lionsfélögum á meðan þau eru unnin mun fólk vilja koma og vinna þau með ykkur. Ef þið vinnið svona verður félagafjölgun ekki áhyggjuefni lengur. Gefið fólk ástæðu til að ganga í klúbbinn og sýnið að það hafi einhvern tilgang.

Þýðingar mesta og áhrifaríkasta verkfæri sem til er til að laða að nýja félaga er aflið sem við öll deilum og felst í því að gefa. Viljinn, getan og framkvæmdin til að gefa af okkur og frá okkur til þeirra sem eru þurfandi. Þetta er öflugur hvati fyrir fólk sem vill bæta umhverfi sitt og samfélag. Til að fá nýja félaga þurfa klúbbar ástæður og augljósan tilgang sem höfðar til fólks og spyrja vilt þú eiga þátt í þessu verkefni til hagsbóta fyrir samfélagið þitt. Vilt þú verða leiðtogi í því að mæta þörfum þeirra sem minna mega sín og að styrkja þitt bæjarfélag. Sterkur lifandi framsýnn klúbbur mun ekki eiga í vandræðum með að laða að nýja félaga.

Sem Lionsfólk vinnum við kraftaverk um allan heim daglega. En þeir sem þó hagnast mest erum við sjálf. Með því að gefa af okkur og veita lið verðum við betri foreldrar, makar, vinir, atvinnu-

rekendur og verkafólk. Ekki aðeins vinnum við kraftaverk, færum milljónum sjónina aftur heldur er þetta starfmannbættandi um leið. Ekki amalegt!

Stofnandi hreyfingarinnar Melvin Jones sagði einu sinni “þú kemst ekki langt þangað til þú ferð að gera eitthvað fyrir aðra” Þetta þurfa nýir Lionsfélagar að skilja að sjá að aðild að Lionsklúbbi er fullkomin leið til að ná sínum persónulegu markmiðum.

Þannig má sjá að félagafjölgun fæst ekki með því að yfirstjórn hreyfingarinnar setji einhver markmið. Markverð fjölgun félaga fæst aðeins með því að bjóða öðrum að taka þátt í verkefnum okkar sem eru markviss og verðmæt fyrir samfélagið. Þessi nálgun er algerlega ný hugsun, algert „paradigm shift“ af hálfu yfirstjórnar hreyfingarinnar gagnvart því hvernig talað er fyrir félagafjölgun.

Höfum ánægju af starfinu

Guðmundur Rafnar Valtýsson
fjölumdæmisstjóri Lkl.
Laugardals



Segja má að Lionshreyfingin standi á tímamótum. Nýtt starfsár er hafið og nýir félagar teknir við stjórn í klúbbum og ýmsum öðrum embættum í hreyfingunni. Starfsárið er stutt þegar við lítum til baka og því er

mikilvægt að vinna strax að þeim markmiðum sem við viljum ná á árinu. Stjórnir klúbba þurfa að setja upp áætlun fyrir starfsárið að öðrum kosti er hætt við að klúbbstarfið verði losaralegt og ómarkvisst. Þetta á raunar við um alla þá sem gegna trúnaðarstörfum fyrir hreyfinguna. Ef hver og einn vinnur í sínu horni verður árangurinn oft í samræmi við það en hann verður þeim mun betri sem okkur tekst að vinna betur saman. En munum að við eigum að hafa ánægju af starfinu í hreyfingunni.

Þingið á Akranesi í vor tókst í flestu vel og var klubbunum sem um það sáu þ.e. Lkl. Akraness og Lkl. Eðnu, til sóma. Þingstjóri hreyfingarinnar, Hörður Sigurjónsson Lkl. Nirði lagði sitt af mörkum úr sínum reynslubanka. Það er mikið verk að halda svona

þing svo vel fari og það ber að þakka. Einhverjar breytingar þurfum við að gera á þinghaldinu svo við séum í takt við tímann og einnig til sparnaðar.

Alþjóðaþingið í Boston í byrjun júlí var haldið í risastórri ráðstefnuhöll með öllu tilheyrandi og verður ekki annað sagt en Bandaríkjamenn kunni að halda slík þing. Boðskapur þingsins til okkar orkar þó ef til vill tvímælis. Hann er eins og þegar fundarboðandi skammar þá gesti sem mæta, fyrir lélega mætingu. Nú á að refsa þeim félögum sem eru í umdæmum undir lágmarksfjölda fyrir að vera ekki í umdæmi með tilskildum fjölda. Þetta á við ef félagi vill gefa kost á sér í alþjóðastjórn þá verður að vera tilskilinn fjöldi í umdæminu. Það er lítil jafnræðishugsun bak við það.

Unglingaskiptin í sumar tókust vel eftir því sem ég best veit og er þar með lokið frumraun unglingskiptastjórnans, Kristjönu E. Guðlaugsdóttur Lkl. Æsu. Heimagingin var á svæði 1–2 í A umdæmi og um unglingsbúðirnar sá svæði 6 í umdæmi A. Ég geri ráð fyrir að betur verði fjallað um búðirnar af öðrum en vil þakka öllum þeim sem komu að þessu verkefni kærlega fyrir þeirra framlag.

Ég óska klúbbum og embættismönnum hreyfingarinnar vel farnaðar í starfi og ekki hvað síst umdæmisstjórnunum sem nú þurfa að leggja land undir fót og heimsækja klúbba vítt og breitt um og hvetja Lionsfélaga til dáða.



Hugleiðing við upphaf starfsárs

Björgúlfur Þorsteinsson

umdæmisstjóri 109 A



Nú er sumri að halla og haustið að nálgast. Það er tíminn sem Lionsfólk fer að hugsa sér til hreyfings og skipuleggja starfið framundan. Í mörgum skilningi er þetta áhugaverður tími, flestir búnir að hvíla sig vel í faðmi fjölskyldunnar og hlaða batteríin. Aðrir búnir að skipta um umhverfi, breyta til frá amstri vetrarins og tilbúnir að takast á við ný verkefni. Þetta er eitt af einkennum samfélags okkar og ef til vill það sem gerir okkur sterkari en margar aðrar þjóðir. Þegar þetta er skrifað, er undirritaður að undirbúa heimsóknir í klúbba í umdæmi 109A. Helstu tilfinningar mínar eru eftirvænting og tilhlökkun að fá tækifæri til að hitta Lionsfólk á heimavelli. Sjá með eigin augum og upplifa þá stemningu sem ríkir á fundum klúbbanna. Engir tveir klúbbar eru eins, sem gerir þetta enn áhugaverðara. Það eru forréttindi okkar umdæmisstjórnanna að fá að gera slíka hluti og kynna Lionshreyfingunni á Íslandi þetta vel. Þessi fámenna þjóð hér norður í hafi, hefur alið af sér, eina bestu og öflugustu hreyfingu sem um getur í samfélagi Lions International.

Eftirminnilegt sumar.

Í sumar hefur margt drifið á daga okkar hjóna í Lionsstarfi og námi. Þingið var í Boston og verð ég að segja, að þar var hægt að hlaða

raffhlöðurnar upp í og yfir 100% hleðslu. Margt var rætt og skrafað og ekki vantaði hugmyndirnar. Við umdæmisstjórnarnir Jón Gröndal og ég áttum margar góðar stundir saman. Mikið var notalegt að hafa svona reynslubolta sér við hlið eins og Jón Gröndal, alltaf vissi hann hvað átti að gera næst. Gat einnig valið úr, það sem skipti máli fyrir okkur, þannig að tíminn nýttist enn betur fyrir bragðið. Við vissum sem var, að nóg fengum við af tækifærum til þess að hitta Alþjóðaforseta þegar hann kæmi í heimsókn til okkar í lok sumars.

Framtíð Lions, nýir klúbbar.

Við getum ekki lengur reiknað með því að menn og konur sækist eftir því að verða félagar í klúbbunum okkar, bara til þess að vera á félagaskrá. Sú þjóðfélagsgærd sem var hér áður á vesturlöndum er ekki lengur til. Jimmy Ross tók dæmi um það, að þegar hann var ungur Lionsmaður, var það til síðs að klippa bindið af nýliðunum og hafa þá alltaf á aftasta bekk, svo allir gætu séð að þeir væru nýir félagar í klúbbnum.

Nú spyrjum við; „hvað langar þig að gera í þágu samfélagsins“? Forseti Íslands, benti okkur yfirmönnum Lions á Íslandi, ásamt Jimmy Ross, á fundi okkar að Bessastöðum um daginn, að hvergi hafa fleiri ungar manneskjur á aldrinum 18 til 28, gerst þátttakendur í starfi UNICEF, en á Íslandi. (miðað við höfðatölu) Þetta segir okkur, að það er ekki skortur á ungu fólki á Íslandi sem vill láta gott af sér leiða. Það er samt ekki endilega víst að þetta fólk sé tilbúið að mæta á fund tvisvar í mánuði og fylgja einhverjum reglum sem mótaðar voru fyrir miðja síðustu öld.

Af hverju ekki virkja þetta unga fólk í Lions, á þeirra eigin fors-

endum, með stofnun nýrra klúbba sem funda með nútíma tækni, en skila heilmiklu til samfélagsins. Þau myndu vinna að verkefnum, sem væru þeim mun nær í tíma. Ekki kaupa þvottavél á spítala bæjarins, sem kostar minna en einn lækur hefur í mánaðarlaun þar og eyða í það tveimur árum af starfi klúbbfélaga. Heldur sé ég fyrir mér að börnin og fjölskyldan yrðu í fyrirrúmi. Menningarstarfsemi margskonar og þá sérstaklega í tengslum við börn og unglina. Þetta unga fólk hefur samúð með bræðrum sínum og systur út í heimi og myndi örugglega sjá tækifæri í því að styðja alþjóðahjálparstöð Lions, ekkert síður en við hin sem þegar erum í Lions. Þar er Campaign SightFirst 2. afar áhugavert verkefni, ef okkur tekst að kynna það vel fyrir íslensku þjóðinni. Aðalatrið er, að yngra fólki geti verið í hreyfingunni á sínum eigin forsendum og fengist við þau áhugamál sem standa þeim nærst.

Hvað gerum við sem þegar erum í Lions?

Ef hefðbundnu klúbbarirnir halda sínu striki, gæta vel að sínum félögum og starfið sé ekki íþyngjandi heldur skemmtilegt, er það víst, að framtíð þeirra er trygg.

Tökum dæmi: Lionsklúbbar fer í ferðalag með mökum sínum, börnum og/eða barnabörnum. Vinir og nágarnar sjá eftirvæntingu í hverju andliti og spyrja, hvað er í gangi? Svarið kemur frá einni 8 ára stúlku; „ég er að fara í Lionsferð með afa og ömmu upp í Þórsmörk, í fyrri forum við á Snæfellsnesið og það var voða gaman“. Skólabróðir hennar spyr mömmu sína; „hvenær ætlar þú að fara í Lionsklúbbinn sem amma hennar Stínu er í“? Ef það er gaman í klúbbnum er ekki vandamál að viðhalda honum um ókomna framtíð.

Það er ekki sjálfgefið að það sé gaman í Lionsklúbba, það veltur á félögnum sjálfum fyrst og fremst. Aldrei að gleyma því, að öll erum við í sama liðinu. Ekki deila á það sem gert er, með neikvæðum athugasemdum, heldur koma þá frekar með jákvæðar ábendingar. Þannig tryggjum við, að öllum geti liðið vel og starfað að sínum hugðarfennum, með velferð samfélagsins og samborgaranna í huga. Ég hvet formenn í klúbbunum að minna félagana á siðareglur Lions af og til. Þessar siðareglur eru enn í fullu gildi og hef ég oft dáðst að þeim sem smíðuðu þær á sínum tíma.



Umdæmisstjóri A og frú og alþjóðaforseti og frú.

Hvernig ræktum við Lions.

Þegar ég var ungur strákur í sveit í Mýrdalnum, var stofnaður Lionsklúbburinn Suðri í sveitinni. Yngri bóndinn á bænum Valdimar Gíslason, gerðist félagi og þá fór ég að taka eftir því að ýmislegt fór að breytast í umhverfinu. Þetta voru mín fyrstu kynni af Lionshreyfingunni. Margt af því sem ég fékk að taka þátt í þar í formi jarðabóta og heftingu uppblásturs sem Lionsklúbburinn stóð fyrir, verður að teljast táknrænt fyrir það starf sem er framundan er hjá okkur í Lions. Uppblásturinn

er brottfallið á félögum. Hvað gerðum við þarna um árið í Mýrdalnum? Stungum niður börðin sem voru að deyja og renndum þeim niður í moldina fyrir neðan með grænu hliðina upp. Bárúm á flagið áburð og sáðum grasfræi í sárið. Einar Þorsteinsson ráðunautur og Lionsmaður var óþreytandi við að kenna okkur handtökin við þetta. Einnig virtist vera hægt með áræði unga bóndans á bænum, að breyta bláum aur yfir í grænt tún. Ég minnst þess, að hafa labbað upp á hól í myrkrinu

og séð ljósin á traktornum með plóginn aftaní, þar sem húsbóndinn var að hamast við að breyta aurnum í tún. Þetta er táknrænt fyrir það starf sem við eigum framundan. Stoppa fækkun félaga í hreyfingunni og opna möguleika fyrir nýja Lions klúbba.

Lokaorð.

Öllum á að líða vel í Lions. Ég hef ekki enn hitt Lionsfélaga sem ekki hefur gert sitt besta í því starfi sem honum hefur verið falið af sínum félögum. Öll erum við

ólík, sem betur fer, það gerir okkur einmitt svona sterk. Við getum öll lært hvert af öðru. Höfum þetta í huga þegar við byrjum okkar starfsár 2006 til 2007.

Hlakka til þess að hitta ykkur sem flest.



Engar heilagar kýr í rekstri Lionshreyfingarinnar

Jón Gröndal

umdæmisstjóri 109 B



Starfið í umdæminu fer vel á stað. Á öflugum fundi í Munaðarnesi nýverið var umdæmisstjórnin hrist saman. Mæting var góð og meðal annarra mættu allir svæðisstjórnir sem ekki hefur gerst lengi. Þegar hafa svæðisfundir verið dagsettir í mörgum umdæmum. Markmið mín eru skýr. Númer eitt, tvö og þrjú að skera niður brottfallið. Síðan legg ég höfuð áherslu á baráttuna við sykursýki, umhverfisvernd og Sight First II verkefnið.

Brottfallið

Eftir að hafa skoðað skýrslur um brottfall í umdæminu síðustu ár

er mér ljóst að um 80% er vegna brottflutnings. Meira en 90% þeirra sem flytja tynast. Þ.e. ganga ekki inn í annan klúbb. Því hlýtur að vera höfuð nauðsyn að ná yfir búferlaflutninga Lionsfólks. Vita hvert það fer og koma því í samband við aðra klúbba á nýja staðnum. Getur verið að klúbbar séu ekki með félagatalið í lagi. Þegar ég var að skoða Lkl. Stykkishólms og athuga hvers vegna hluti nýrrar stjórnar hlaut ekki samþykki Alþjóðastjórnar kom í ljós að þeir eru ekki á skrá. Frekari eftirgrennslan sýnir að nýr formaður og ritari gengu í klúbbinn 2002. Árið 2003 voru þeir skrifaðir út en aldrei inn aftur. Nú árið 2006 eru þeir að taka við stjórn klúbbsins. Úr því er verið að bæta. Þannig er þrem Lionsmönnum fleira í hreyfingunni en opinberar tölur segja. Ég hef verið að fara skipulega yfir þá klúbba sem hafa verið lélegir í skýrsluskilum og hef fundið sex leynifélaga sem þeir í Ameríku vissu ekki um. Á móti kemur að ég hef líka fundið tvo félaga sem eru látnir en þeir í henni Ameríku vissu ekki um þá. Þessi uppákoma sýnir þörfina á að skýrslur séu í lagi frá klúbbum. Ég og mitt fólk munum

yta mjög á eftir því að allir klúbbar skili skýrslum. Ég hef mikinn metnað fyrir hönd umdæmisins og hreyfingarinnar hér á landi og stefni að því að verða 100 % umdæmisstjóri.

Heilögu kýrnar.

Nú er staðan í fjármálum hreyfingarinnar þannig að hún skuldar sjóðum sínum milljónir króna. Mikið hefur verið skorið niður undanfarin ár en dugir ekki til. Þó náist að gera eitt starfsár upp á sléttu er engin afgangur til að borga niður skuldina. 124 félagar hættu í B umdæmi í fyrra. Þar fóru tekjur upp á 620.000 kr.

Tapið á Lionsblaðinu í fyrra varð ægilegt þrátt fyrir styrki frá Ameríku. Nú þegar hefur fjölum-dæmisstjórn tekið ákvarðanir um sparnað t.d. um að senda Lionsblaðið til formanna klúbba til dreifingar í stað þess að setja það í póst. Aðeins þetta sparar á annað hundrað þúsund krónur. Leitað var nýrra tilboða í prentun blaðsins og vinnslu. Nú hefur tilboði frá Litlaprenti verið tekið. Þar sparast á annað hundrað þúsun á hverju blaði. Ég er orðinn þeirra skoðunar að við eigum að hætta útgáfu Lionsblaðsins og

vera bara með fréttabréf kannski 4 sinnum á ári. Við ættum að nota netið mun meira til upplýsingamiðlunar. Uppstokkun þinghaldsins er líka nauðsyn. Það er ein af heilögu kúnnum. Skólar embættismanna eru betur komnir að hausti. Verða enda skilvirkari. Skil klúbba á skýrslum eru slík að þeir sem fóru á skóla á þinginu virðast búnir að gleyma flestu. Svæðisstjórnir fá þegar upprifjun að hausti. Við vitum að aðalástæða þess að setja skólana upp í tengslum við þingið er að að fá fólk til að sitja fjölum-dæmisþing. Þing umdæmanna eru orðin hrein lákúra. Þar sem ekkert gerist markvert annað en að kosinn er umdæmisstjóri sem þegar hefur verið skipaður af Alþjóðastjórn vegna þess að við erum ekki með lögleg umdæmi. Hafa menn gleymt því að völdin eru hjá umdæmisþingum en ekki fjölum-dæmisþingi. En þessar hugleiðingar eru efni annars pistils. Hugsum alla hluti upp á nýtt.

*Jón Gröndal,
umdæmisstjóri 109B*



Heimsókn Alþjóðaforseta.



Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, Jimmy Ross og Velda Ross.

Jimmy Ross og frú komu til Íslands snemma morguns 21. ágúst s.l. Að lokinni hvíld og hádegisverði var haldið til Bessastaða þar sem Hr. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands tók á móti þeim hjónum ásamt föruneysi. Heimsóknin stóð yfir í góða klukkustund og áttu forsetarnir ánægjulegar og fróðlegar viðræður um málefni Lionshreyfingarinnar.

Næst var haldið í gróðurreit Lkl. Ásbjarnar við Kaldársel. Sú venja hefur skapast að Alþjóðaforsetar sem heimsækja Ísland gróðursetja þar birkiplöntu. Fórst honum það vel úr hendi og tók um leið viðstadda í smá kennslustund í gróðursetningu. Sagðist forsetinn ætla að koma seinna og sjá hvernig plantan tæki út vöxtinn.

Eftir þjóðlegar veitingar Ásbirninga var komið við í Rjóðrinu í Kópavogi og skoðaður m.a. Rauðufjaðrar bílinn sem það fékk til afnota s.l. vor.

Loks var móttaka í Lionsheimilinu fyrir þau hjón og komu þangað um fjörutíu gestir. Þar fór Ross yfir helstu stefnumál sín og svaraði spurningum gesta. Kom þar m.a. fram að ef fækkun yrði í Lionsklúbbi þá ætti hann að fá að starfa í friði og jafnvel þó aðeins væru eftir tveir félagar

sem borguðu félagsgjöld þá væru þeir fullgildir Lionsfélagar.

Daginn eftir var haldið til Þingvalla og staðurinn skoðaður undir leiðsögn. Eftir fróðlega sýningu í fræðslumiðstöð var gengið niður Almannagjá og að Peningagjá. Þaðan var haldið að Laugarvatni og snæddur hádegisverður í Lindinni ásamt félögum úr Lkl. Laugardals og Geysi.

Næsti viðkomustaður var Sólheimar í Grímsnesi. Var tekið afar vel á móti okkur þar af starfsmönnum og stjórn. Einnig voru þar félagar úr Lkl. Ægi en eins og flestir Lionsmenn vita þá hafa þeir stutt Sólheima til fjölda ára. Farin var gönguferð um staðinn og viðstaddir fræddir um starfsemina og mátti víða sjá spor Ægismanna. Eftir afar skemmtilega skoðunarferð var komið við í Grænu könnunni þar sem boðið var upp á veitingar.

Á leið til baka var komið við á Dvalarheimili aldraðra Mosfellsbæ og heilsaði Alþjóðaforsetinn þar upp á elsta Lionsmann heims Sigstein Pálsson frá Blikastöðum og voru þeir myndaðir saman við þetta tækifæri.

Guðmundur Rafnar Valtýsson





Elsti Lionsmaður heims Sigsteinn Pálsson frá Blikastöðum ásamt forsetahjónum.

- ◀ Ásbirningar ásamt alþjóðaforsetahjónum að lokinni gróðursetningu.
- ◀ Á Þingvöllum var formaður þjóðgarðsnefndar Björn Bjarnason á ferð.



Reynir Pétur í góðum hópi.

- ◀ Hjónin við Rauðufjaðrabílinn ásamt Ólafi Vilhjálmssyni formanni nefndarinnar.



Frá móttöku í Lionsheimilinu.

- ◀ Úr vinnustofu á Sólheimum



Félagar úr Lkl. Geysi og Laugardals ásamt forsetahjónum við Lindina á Laugarvatni.



Frá móttöku á Bessastöðum.

Alþjóðasamskipti Starfsárið 2005-2006

Hér á eftir kemur samantekt um það sem gert hefur verið í þessum málaflökki á starfsárinu.

Loft er lævi blandað í heiminum. Ástandið er ógnvænlegt. Sjónvarpsvélur umheimsins beinast að þessum atburðum og jafnt ungir sem aldnir hræðast þá. Hvert er maðurinn að fara. Við Lionsfélagar eigum að láta rödd okkar heyrast og leggja áherslu á einkunnarorð okkar. Við leggjum lið og þörfina á að færa líknarhlutverk okkar til allra heimshorna.

Höfuðverkefni.

Þetta eru þau verkefni sem ég tel gott að kynna sér ef Lionsklúbbur vilja takast á við alþjóðlegt starf.

1. Styðjum LCIF. Alþjóðlega Hjálparsjóðinn.
2. Styðjum Sight First 2 verk efnið. Þetta verkefni verður betur kynnt í lok samantekt minnar og stendur yfir í 3 ár 2005 -2008.
3. Taka þátt í Unglingaskiptum.
4. Taka þátt í NSR verkefnum.
5. Taka þátt í hjálparverkefnum í þróunarlöndum.
6. Hefjum umræðu í klúbbnum okkar um hvað við Íslendingar getum gert til aðstoðar fólki sem býr við sára neyð.
7. Þegar við erum erlendis skulum við leitast við að heimsækja Lionsklúbba á þeim stað er við dveljum á. Upplýsingar um klúbbana nafn og fundarstað og tíma má finna á Lionsskrifstofunni.
8. Stofnum til vinaklúbbatengsla hérlendis eða erlendis.

Lionsfélagar ef áhugi er fyrir hendi get ég aðstoðað ykkur hvenær sem er. Hafið samband.

Markmið mitt er að Lionsklúbbur setji sér markmið að sinna a.m.k. 2 verkefnum árlega. Þetta er hluti af grein sem ég skrifaði í Lionsblaðið okkar í haust. 2 Lionsklúbbur höfðu samband og þar flutti ég erindi og fékk góðar undirtektir. Von mín er að fleiri Lionsklúbbur fylgi í kjölfarið á næsta starfsári.

Vert er að geta þess að Lionsklúbburinn Eir studdi aftur Barnaheimili okkar í Friasino sem stutt var af okkur og unnið sem NSR verkefni á árunum 1992 til 1993. Það er staðsett um 25 km fyrir utan Moskvu. Börnin og starfsfólkið fengu influensu forvörn í haust alls 188 aðilar. Þetta er sannarlega mikilvæg forvörn.

Síðustu ár hefur Sight First verið okkar alstærsta alþjóðlega átak. Þar hefur geysimargt áunnist. Meðal annars má telja

- Alls 4,7 milljónir manna með ský á auga (cataracta) fengu sjónina aftur eftir skurðaðgerð.
- Bætt sjón hundruð milljóna manna.
- Reistir 258 augnspítalar og læknastöðvar.
- Reistar 300 augnlækna-stofur sem afhentar voru með augnlækningatækjum.
- Menntaðir 68.000 augnlækna, augnhjúkrunarfræðingar og aðstoðarmenn.
- Hafið fyrsta alþjóðlega átakið til að berjast gegn blindu hjá börnum, í samstarfi við WHO Alþjóðaheilbrigðisstofnunina.
- Reist 30 sjúkrahús fyrir börn.
- Styrkt 784 sjónverndarverkefni í 86 löndum, með 175 milljónum dollara styrkjum til augnlækninga og rannsókna til að fyrirbyggja og lækna blindu.

Sight First II

Nú hefur alþjóðahreyfingin ákveðið að koma með annað sjónverndarverkefni Sight First II í ljósi góðs árangurs af fyrra átaki. Lions -Sjón fyrir alla verður aðalverkefni okkar árin 2005 – 2008. Lítum á nokkrar staðreyndir.

Staðreyndir.

- Um það bil 37 milljónir manna eru blindir í dag.
- 80% blindu er læknanleg eða má fyrirbyggja.
- Þess vegna mun Alþjóðahjálpar-sjóður Lions (LCIF) og
- 1.4 milljónir Lionsfélaga hefja nýtt heimsátak til að lækna blindu.

Hvernig verður

Sjónverndarátakið CSF II ?

Markmið sjónverndarátaksins CSF II er að minnka verulega blindu sem hægt er að fyrirbyggja og lækna, um allan heim, sér-

staklega í þróunarlöndunum, þar sem 90% af blindu er til staðar.

Markmið CSF II átaksins er að safna að minnsta kosti 200 dollurum á hvern Lions- félag héraendis. Alls 500 þúsund dollurum. Söfnunarátakið veitir Melvin Jones viðurkenningu æðstu viðurkenningu LIONS.

Okkar von er að allir lionsklúbbur á Íslandi taki þátt í söfnuninni. Að lokum þakka ég gott samstarf við alþjóðasamskiptastjórana á Norðurlöndum og íslenska Lionsfélaga. Án stuðnings ykkar yrði ekkert gert.

Með ósk um gott og farsælt Lionsstarf í framtíðinni.

*Jón Bjarni Þorsteinsson
alþjóðasamskiptastjóri Lions.*

Jóla kort Lkl. Káldár í Hafnarfirði

Hin árlega jóla kortasala Lionsklúbbsins Káldár í Hafnarfirði er hafin. Myndlistarkonan Erla Sigurðardóttir hannaði kortið annað árið í röð. Allur ágóði af söllumni rennur til líknarmála. Kortin eru seld 5 í þakka með umslagi, ýmist með texta eða án. Þakkinn kostar kr. 500.

Allar upplýsingar veitir formaður fjáröflunarnefndar Jörunn Jörundsóttir s. 822 1718



Lionsklúbbur Hornafjarðar með 40 ára afmælishátíð 11. nóvember.



Fjórir nýir félagar teknir í klúbbinn á síðasta fundi. Frá vinstri: Unnsteinn Guðmundsson fráfarandi formaður, Gauti Árnason, Skúli Ingólfsson, Valdimar Ingólfsson, Sigurður Mar Halldórsson, Þorsteinn Sigjónsson formaður og Ingólfur Guðni Einarsson.

Lionsklúbbur Hornafjarðar hóf vetrarstarf sitt í september s.l. Á öðrum fundi á nýja starfsárinu 2006-2007 voru teknir inn fjórir nýir félagar og nokkrir óinnteknir sem hafa þekkt boð um að ganga í klúbbinn. Á síðasta starfsári gengu sex nýir félagar til liðs við klúbbinn. Það fylgir því sönn gleði að fá inn nýja féлага og er félagafjöldi í dag 31. Mæting féлага síðasta vetur var 100% og byrjar þetta starfsár eins, það eru

einfaldlega allir sem eru á heimaslóð og ekki í vinnu mættir til fundanna.

Klúbbnum hefur gengið vel í gegnum árin, byggt upp félagsskapinn og þroskað félagana m.a. með glaðlegri samveru. Klúbburinn hefur aflað fjár og veitt út í samfélagið, mest til heilsugæslumála og til annarra velferðarmála í samfélaginu. Klúbburinn hefur siglt farsælega þessi fjörutíu ár.

40 ára afmælishátíð

Afmælishátíð er ákveðin í tilefni fjörutíu ára afmælis klúbbsins og verður hún haldin í matsal Skinneyjar-Þinganes þann 11. nóvember. Áætlað verð á aðgöngumiða er milli fjögur og fimm þúsund krónur. Okkur þætti ánægjulegt að fá féлага frá öðrum Lionsklúbbum til að koma og gleðjast með okkur. Tilkynna þarf þátttöku fyrir 22. október.

Hótel Höfn, sem á einmitt einnig fjörutíu ára afmæli í ár, býður gistingu með morgunverði, tvær nætur á verði einnar. Eins manns herbergi kr. 7,100,- og tveggja manna kr. 10,150,-. Síminn á Hótel Höfn er: 478 1240. Gistiheimilið Hvammur býður tveggja manna herbergi, nóttin á kr. 7,000,- með morgunverði. Síminn hjá Hvammi er: 478 1503 og auk þess bjóða Lionsfélagar gestum að gista heima hjá sér.

Samhliða afmælisveislu er verið að setja upp sýninguna, Lionsklúbbur Hornafjarðar í fjörutíu ár. Sýningin verður í Pakk húsinu, sem er núverandi

fundar- og samkomustaður Lionsklúbbsins.

Við erum að leita að munum, myndum o.fl. sem tengjast starfsemi klúbbsins gegnum árin. Ef þú sem þetta lest veist um eitthvað í þínu umhverfi sem tengist Lionsklúbbi Hornafjarðar væri okkur akkur í að fréttu af því. Vinsamlega hafið þá samband við einhvern okkar:

Þorstein Sigjónsson,
formann í síma 478 1492,
netfang: vilb@simnet.is

Pál Björnsson,
ritara í síma 478 1384,
netfang: pallb@eldhorn.is

Sigurjón Steindórsson,
gjaldkera í síma 478 1527,
netfang: eyrax@simnet.is

Unnstein Guðmundsson,
f.v. form. í síma 478 1227,
netfang: ugggi@eldhorn.is

*Bestu kveðjur frá Lionsklúbbi
Hornafjarðar,
Sigurður Mar Halldórsson
fjölmiðlafulltrúi
Sími 864-0202, siggi@galdur.is*

Minning †

Ólafur Briem – Kveðja frá Lionshreyfingunni á Íslandi.

Ólafur gerðist félagi í Lionsklúbbnum Fjölni í Reykjavík árið 1963.

Ólafur var hvers manns hugljúfi og sýndi í starfi sínu fyrir Lionshreyfinguna að hann var mikill mannþekkjari. Ólafur var því kallaður til starfa fyrir yfirstjórn Lions.

Árið 1985 var hann alþjóðasamskiptastjóri hreyfingarinnar hérlendis og vann þá m.a. að verkefni í Madhya Pradesh í Indlandi þar sem Lionshreyfingin stóð fyrir gerð vatnsbrunnna.

Ólafur gegndi starfi umdæmisstjóra Lionshreyfingarinnar á suður- og austurlandi 1991-1992 og hann var fjölumdæmisstjóri Lionshreyfingarinnar á Íslandi 1992-1993.

Árið 1991 var honum veitt viðurkenning sem Melvin Jones félagi sem er ein æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar. Árið 1995 var hann svo sæmdur þessari viðurkenningu á ný í tvígang.

Árið 1985 var stofnuð Íslandsdeild Medical Alert sem rekin er undir verndarvæng Lionshreyfingarinnar og var Ólafur í mörg ár formaður Medical Alert hérlendis.

Árið 2000 veitti þáverandi alþjóðaforseti Lions Ólafi sérstaka viðurkenningu Lions fyrir störf hans innan Lions.

Þar sem Ólafur átti auðvelt með að umgangast fólk var hann í mörg ár síðameistari Lionshreyfingarinnar. Sem slíkur kom hann að skipulagningu móttöku erlendra gesta hreyfingarinnar.

Vorið 2000 reyndist þörf á að ráða starfskraft á skrifstofu Lionshreyfingarinnar. Þá var leitað til Ólafs Briem um að hann kæmi til starfa á Lionsskrifstofunni. Hann var þá að ljúka áratuga starfi hjá Flugleiðum. Ólafur tók þeirri málaleitan vel

og naut Lionsskrifstofan starfskrafta hans og þekkingar á málefnum Lions og Medical Alert fram að síðustu áramótum þegar hann lauk störfum þar vegna veikinda. Einnig tók Ólafur að sér nokkur síðastliðin ár að ritstýra blaði Lionshreyfingarinnar.

Með þessum orðum vill Lionshreyfingin á Íslandi þakka Ólafi fyrir gott samstarf að málefnum hreyfingarinnar og færir um leið Eddu Briem og fjölskyldu Ólafs sínar bestu samúðarkveðjur við fráfall Ólafs.

Fjölumdæmisstjórn



Forseti Íslands á Alþjóðafing Lionshreyfingarinnar í Boston



Ólafur Ragnar fór á kostum á fundi með fulltrúum Asíu og Afríku. Rohit Mehta fyrrverandi alþjóðaforseti frá Indlandi stýrði fundinum en hann situr forsetanaum á vinstri hönd.



Ram Bhandari Lionsmaður frá Nepal, ræðir við Ólaf Ragnar um málefni Nepals.

Aðalræðumaður

Það var stórkostleg stund fyrir íslenska Lionsfélaga, sem hlýddu á Forseta Íslands flytja aðalræðuna á alþjóðafingi okkar í Boston í sumar. Aðdragandi þessa boðs var þannig, að fyrrverandi alþjóðaforseti Lions Ashok Metha var á Bessastöðum í ágúst 2005 á fundi með forseta Íslands og í miðjum umræðunum bauð Ashok óvænt Ólafi að verða aðalræðumaður á þingi okkar. Eftir smáþögn þakkaði forsetinn boðið en vildi fá smá umhugsunartíma. Undirbúningur hófst

síðan og langþráð stund rann upp 3. júlí í Boston.

Í ræðu sinni fjallaði forseti Íslands um mikilvægi frjálsra félagsamtaka á nýrri öld, breytingar sem orðið hafa á heimsmyndinni og hvernig ýmis verkefni á sviði hjálparstarfs geta skilað árangri. Forsetinn sagði frá norrænu Rauðu fjaðrar-söfnuninni, þar sem þjóðhöfðingjar allra Norðurlandanna voru verndarar og hvatti forsetinn Lionsfélaga til að nýta sér ennfrekar stuðning þjóðarleiðtoga. Þá fjallaði for-

setinn einnig um þann lærdóm sem draga má af starfi Lionshreyfingarinnar á Íslandi og hvernig reynsla íslenskra Lionsmanna geti nýst hreyfingunni út um allan heim, einkum í Asíu og Afríku, þar sem Lionshreyfingin stendur fyrir miklu uppbyggingarstarfi. Mörgþúsund Lionsfélagar frá 193 þjóðlöndum hlýddu á og fögnuðu margsinnis undir ræðu Forsetans. Fjöldi manns tjáði okkur ánægju sína með ræðu hans, innihaldið, framsýni hans og þekkingu á málefnum okkar.

Washington DC og Vestur-Íslendingurinn Georg Toft og kona hans Judy, en þau voru gestir á fjöllumdæmisþingi okkar 2005. Georg var þá umdæmisstóri í Chicago, fyrsta Lionsumdæmi í heimi, MD 1A. Einnig var á fundinum „Íslandsvinurinn“ Sten Ákestam fyrrverandi alþjóðaforseti frá Svíþjóð.

Melvin Jones hádegisverður

Það var þéttsetinn salur við hinn árlega „Melvin Jones Luncheon“ sem er fjáröflunarfundur og kynning á störfum Alþjóðahjálparsjóðsins LCIF. Sjóðurinn veitir styrki til ýmissa hjálparverkefna um allan heim, fyrir um 33 milljónir USA dollara árlega og stýrir einnig stórum átaksverkefnum eins og Sjónverndarátakinu 2005-2008.

Ólafi Ragnari var boðið sem heiðursgesti og í lokin var honum boðið að ávarpa samkomuna. Þar sló hann á léttari strengi og sagði m.a. frá Íslendingum sem þjóð landkönnuða og frumkvöðla, allt frá því við fundum Ameríku og værum við nú komnir í viking víða um heim, m.a. í fjármálaheiminu. Hann fjallaði einnig um



Forsetinn með Ruth og Stanley Grossman fyrrv. alþjóðarstjórnarmanni frá Bandaríkjunum, en þau voru gestir fjöllumdæmisþingsins Íslandi, þegar 50 ára afmæli Lions á Íslandi var fagnað, en þá voru forsetahjónin heiðursgestir.

Stund með íslenskum Lionsfélögum

Að þingdagskránni lokinni bauð Ólafur öllum Íslendingunum til fundar við sig. Þar var spjallað og rætt vítt og breytt um störf okkar og framtíðina og fengum við margar áhugaverðar ábendingar um hvað við gætum gert til að efla samtök okkar. Einnig ræddum við um Sjónverndarátakið, en Forsetinn er verndari átaksins og kveðst hann reiðubúinn til að vinna með okkur, vill frekar vera virkur þátttakandi, en nafn á blaði. Á fundinum voru einnig „þriðji íslenski umdæmisstjórninn“ Ida Malone, sem býr í



Vígalegur hópur á leið í skrudgöngu.

mikilvægi frjálsra félagasamtaka og þátttöku okkar í mikilvægum verkefnum. Hvatti hann Lionsfélaga til að nýta sér stuðning fyrirtækja og fjársterkra aðila og benti á marga slíka sem biða tækifæris að láta gott af sér leiða, með stuðningi við öflugra sjálfboðaliðahreyfingu eins og Lions. Ólafur sagði að þrátt fyrir að hann væri Melvin Jones félagi á Íslandi, hafi honum ekki verið boðið í slíkan hádegisverð á Íslandi ennþá, það gerðist í Ameríku.

(Ólafur Ragnar var veitt Melvin Jones viðurkenningin árið 2001, sem er æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar. Getum við íslenskir Lionsfélagar tekið þetta sem áskorun að nýjum viðburði, til fjáröflunar og kynningar á verkefnum okkar.) Mikill fjöldi gesta vildi að ræðunni lokinn ná tali af forsetanum til að þakka góðar ræður og mikilvægt framlag hans til þingisins og einnig að láta mynda sig með honum.



Íslendingarnir á þinginu og Sten Ákedstam fyrrverandi alþjóðaforseti frá Svíþjóð með forseta Íslands, Hr. Ólafu Ragnari Grímssyni.

Fundur með fulltrúum frá Asíu og Afríku

Síðdegis þennan sama dag var haldinn fundur að frumkvæði Ólafs, með fulltrúum frá Lionsklúbbum í Asíu og Afríku. Yfir 50 fulltrúar frá 15 löndum komu á fundinn. Eftir fróðlegt ávarp Ólafs var opnað fyrir umræður og komu fram margar ábendingar og spurningar um hvað unnt væri að gera til að aðstoða þessi ríki. Var það einróma álit fundarmanna að þekking forseta okkar

á málefnum þessa heimshluta væri ótúleg og hafði hann margt til málanna að leggja. Eftir þingið hafa margir fundarmanna sent mér fyrirspurnir um aðstoð, í þá átt er Ólafur nefndi á fundinum, m.a. frá Nígeríu og Nepal.

Minning

Hörður Valdimarsson

Félögum í Lionsklúbbnum Skyggni hefur nú fækkað. Einn af aðal máttarstólpum klúbbsins gegnum árin hefur kvatt þennan heim.

Hörður Valdimarsson lést á Hellu mánudaginn 3. júlí 2006.

Lionsklúbburinn Skyggir var stofnaður 23. janúar 1973 og gekk Hörður Valdimarsson í klúbbinn 28. okt. 1974 og starfaði óslitið meðan heilsan leyfði Hörður gengdi fjölda trúnaðarstarfa fyrir Lionshreyfinguna og Lionsklúbbinn Skyggni. Hann var meðal annars formaður Skyggnis, svæðisstjóri og vara umdæmisstjóri.

Hörður var kosinn umdæmisstjóri 109A árið 1981-82. Einnig gengdi hann fjölda

annarra trúnaðarstarfa fyrir klúbbinn. Hörður var gerður að Melvin Jones félagi, sem er æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar, árið 1990. Þá var Hörður gerður að ævifélaga í Skyggni árið 1998.

Við félagarnir sem eftir erum munum sárt sakna Harðar og hans hárfína húmors. Þær eru ófár skopsögurnar og einnig ýmsar frásögur úr lífi hans og starfi, sem hann sagði frá af mikilli list.

Nú er komið að sögulokum og góður Lionsfélagi er horfinn úr hópnum. Við þökkum Herði skemmtileg kynni og langa og góða samfylgd. Fjölskyldunni sendum við okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Félagarnir í Lionsklúbbnum Skyggni

Sigurður Þorgeirsson

Það var mikill missir fyrir Lionshreyfinguna á Íslandi þegar félagi okkar Sigurður Þorgeirsson L.kl. Seyðisfjarðar var kallaður svo skyndilega á brott.

Sigurður hafði starfað lengi í hreyfingunni og verið í Lionsklúbbum á Fáskrúðsfirði og Seyðisfirði þar sem hann hafði gegnt hinum ýmsu embættum. Undanfarin tvö ár hefur Sigurður verið svæðisstjóri Lionshreyfingarinnar á Austurlandi og gegndi hann því embætti af miklum dugnaði enda var verið að sameina þarna tvö svæði og í mörgu að snúast, þessu fylgdi Sigurður ótullega eftir og báru skýrslur hans og erindi á Umdæmisstjórnarfundum þess merki að vel var

að verki staðið og var Sigurður heiðraður af hreyfingunni fyrir störf sín. Nú síðast hafði Sigurði verið falið að vera verkefnastjóri á Austurlandi fyrir þriggja ára Alþjóðasjónverndarverkefni Lionshreyfingarinnar. Á samfundi Lions sem haldinn var á Egilstöðum s.l.vor hlustaði ég á Sigurð flytja erindi um þetta verkefni og var þar alveg ljóst hvornig staðið skyldi að þessu mikilvæga verkefni. Það er mikið skarð fyrir skildi að sjá á bak svo góðum liðsmanni og eldhuga.

Lionshreyfingin á Íslandi færir fjölskyldu Sigurðar sínar dýpstu samúðarkveðjur.

*Geir Hauksson
Fráfarandi Fjöllumdæmisstóri*

Nýr Alþjóðaforseti Lions- hreyfingarinnar er Jimmy Ross



Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar Jimmy Ross er frá Texas. Hann er frá smábæ sem heitir Quitaque (kiítakúe) Jimmy Ross er búgarðaeigandi og fyrrverandi dómari. Forsetinn gekk í Lionsklúbb árið 1969 og hefur gengt öllum helstu embættum í klúbbi, umdæmi og fjölmöldum sínu. Hann hefur verið lykilmáður í þrem átökum um endurvinnslu gleraugna fyrir Mið og Suður Ameríku. Hann hefur komið að stofnun 500 Lionsklúbba. Verið formaður í fjölda nefnda í Texas fylki meðal annars formaður almannavarnarnefndar fylkisins. Ross forseti hefur sérstakan áhuga á fjölgun klúbba, styrkingu klúbba og þjónustu klúbba við samfélagið. Hann hefur hlotið allar æðstu viðurkenningar hreyfingarinnar fyrir störf sín og er þrefaldur

Melvin Jones félagi. Jimmy Ross og kona hans Velda eiga þrjár dætur, tvo tengdasyni og eina dótturdóttur.

Stefna alþjóðaforseta - Hugarfarsbreytingar er þörf

Alþjóðaforseti Lions, Jimmy Ross, var á Íslandi dagana 21. og 22. ágúst. Eins og okkur var þegar ljóst vorið 2005 þegar við hittum hann hér í Lionsheimilinu í Sóltúni, yrði ekki erfitt að kynna hans hugmyndir fyrir Lionsklúbbum á Íslandi. Þessi maður hafði alveg nýja sýn á framtíð Lions. Strax þá heilluðumst við af skoðunum hans á því hvernig við nálgumst það verkefni, að leiða Lionsklúbba inn í framtíðina. Ekki með boðun að ofan, heldur nálgast þá frá hlið. Við segjum ekki við klúbbinn „þið verðið að bæta við tveimur nýjum félögum á starfsárinu“. Heldur segjum við, „hvað langar ykkur að gera í vetur“? Ef þið eruð ánægð með klúbbinn ykkar, erum við ánægð. Ef ykkur líður vel, líður okkur vel. Ef þið eruð ekki ánægð eða sátst við það sem þið eruð að gera, hvernig væri þá að breyta til. Er fjáröflunin erfið og/eða leiðinleg. Hvernig væri þá að taka smá hlé á þeim þætti starfsins og huga

á því að gera samverustundirnar skemmtilegar. Þegar það er í höfn og félagarnir koma saman vegna þess að það er gaman, gerist hitt að sjálfu sér. Við höfum mörg svona dæmi í kringum okkur. Þeir klúbbar sem rækta sitt innra starf og sjá til þess að félagarnir hafi ánægju af því að hittast á fundum, skila flestir öflugasta starfinu í þágu samfélagsins.

Einkunnarorð Alþjóðaforseta.

Frá því að við gengum í Lions fyrir áratugum, höfum við trúað því að ekki sé hægt að stofna nýja Lionsklúbba sem væru með öðru sniði en þeir sem fyrir eru. Þetta er gott dæmi um það hvernig maður getur orðið fastur í viðjum vanans. Þegar við heyrðum í Jimmy Ross fyrst, fyrir einu og hálfu ári síðan, fórum við smátt og smátt að skipta um skoðun.

Nú erum við sannfærð. Þetta er ekkert mál. Hugurinn ber mann ekki bara hálfu leið, heldur alla leið. Þetta er bara spurning um hugarfar. Kjarninn í orðum alþjóðaforseta okkar, Jimmy Ross er, „hugarfars-breyting“.

Ritstjóri óskast!

Útgáfa þessa blaðs hefur dregist af ýmsum ástæðum en þó fyrst og fremst vegna þess að ekki hefur verið fastur ritstjóri til staðar. Er hér með óskað eftir áhugasömum aðila til að ritstýra blaðinu. En til þess að það nái þeim tilgangi sínum að vera málagn hreyfingarinnar þurfum við öll að vera dugleg að senda greinar og fréttir af starfinu í blaðið. Ef einhver getur útvegað auglýsingar til að létta útgáfuna þá eru þær vel þagnar.

Stólar til sölu!

Tveggja ára sænskir staflanlegir stólar til sölu. Hentugir í mötuneyti eða kaffistofur. Upplýsingar í síma 561-3122 milli kl. 10-15, eða sendið tölvupóst á lions@lions.is

Forsíðumyndin er tekin í gróðurhúsi á Sólheimum.

Ritstjórar þessa blaðs:
Guðm. R. Valtýsson
Jón Gröndal.

Næsta blað í nóvember.

Umbrot og prentun:
Litlaprent ehf.

Afmæli Lionsklúbba

| | | | | | | | |
|---------------------|--------|--------------|------|--------------------|--------|-------------|------|
| Lkl. Öndarfjarðar | 35 ára | 07. ágúst | 2006 | Lkl. Hrærekur | 35 ára | 29. febrúar | 2007 |
| Lkl. Reykjavíkur | 55 ára | 14. ágúst | 2006 | Lkl. Borgarness | 50 ára | 02. apríl | 2007 |
| Lkl. Váli | 20 ára | 11. október | 2006 | Lkl. Skagafjarðar | 20 ára | 20. apríl | 2007 |
| Lkl. Kolgríma | 20 ára | 07. nóvember | 2006 | Lkl. Garðabæjar | 35 ára | 04. maí | 2007 |
| Lkl. Hornafjarðar | 40 ára | 09. nóvember | 2006 | Lkl. Ægir | 50 ára | 06. maí | 2007 |
| Lkl. Grundarfjarðar | 35 ára | 28. janúar | 2007 | Lkl. Laugardals | 35 ára | 13. maí | 2007 |
| Lkl. Fylkir | 30 ára | 02. febrúar | 2007 | Lkl. Skjaldbreiður | 25 ára | 13. maí | 2007 |
| Lkl. Patreksfjarðar | 35 ára | 19. febrúar | 2007 | Lin. Keflavíkur | 25 ára | 26. maí | 2007 |
| Lkl. Stykkishólms | 40 ára | 26. febrúar | 2007 | Lkl. Ísafjarðar | 50 ára | 25. júní | 2007 |